
UPPMÆLING OG SKRÁNING MÓGRAFA Í MELAHVERFI Í HVALFJARÐARSVEIT



BRYNJA ÁRNADÓTTIR

FORNLEIFASTOFNUN ÍSLANDS

REYKJAVÍK 2025

FS1036-25121



Á forsíðumynd er mógröf BO-090:021_01, horft til suðausturs.

Myndina tók Brynja Árnadóttir.

Verkefnanúmer MÍ: 3421

© 2025

Fornleifastofnun Íslands

Bræðraborgarstíg 9

101 Reykjavík

Sími: 551 1033

Netfang: fsi@fornleif.is

Heimasíða: www.fornleif.is

Samantekt

Í þessari skýrslu er fjallað um mógrafir í landi Litla-Lambhaga í Hvalfjarðarsveit sem skráðar voru og mældar upp að kröfu Minjastofnunar Íslands. Töluverð uppbygging er fyrirhuguð á svæðinu en byggja á nýtt íbúðarhverfi fast austan við byggðarkjarnann Lambhagamela. Skráningin var unnin af Fornleifastofnun Íslands fyrir sveitarfélagið í apríl 2025. Í samræmi við ákvörðun Minjastofnunar Íslands var svæðið ekki skráð í heild sinni (þaulgengið í leit að minjum) þar sem minjavörður Vesturlands hafði kannað það áður, en þrjú mógrafasvæði voru mæld upp og skráð. Allar minjarnar voru skilgreindar í stórhættu vegna fyrirhugaðra framkvæmda enda stendur til að þær hverfi í fyrirhuguðum framkvæmdum.

Efnisorð:

Fornleifaskráning, deiliskipulag, Fornleifastofnun Íslands, Litli-Lambhagi, mógrafir, Melahverfi, Hvalfjarðarsveit.

Summary

This report discusses three peat-cutting areas located within the boundaries of a detailed planning proposal at Litli-Lambhagi in Hvalfjarðarsveit. The Institute of Archaeology in Iceland conducted the survey of these sites on behalf of the Hvalfjarðarsveit municipality, in advance of further residential development in the area. Fieldwork was carried out in April 2025. In accordance with a decision by the Cultural Heritage Agency of Iceland the focus of the work was on surveying and measuring three known peat-cutting areas, rather than conducting a full field-walking survey of the entire area as the area had already been assessed by The Regional Archaeologist of West Iceland (Minjavörður Vesturlands). All three sites were found to be at high risk due to the planned construction.

Keywords:


Archaeology, detailed planning, Institute of Archaeology (Iceland), Litli-Lambhagi, peat-cutting, Melahverfi, Hvalfjarðarsveit.

Efnisyfirlit

1. Inngangur	6
2. Saga fornleifaskráningar og löggjöf	8
3. Aðferðir við fornleifaskráningu	10
4. Fornleifaskrá	12
5. Niðurstöður	14
6. Heimildir	15
Viðauki I: Minjakort	16

1. Inngangur

Í apríl 2025 vann Fornleifastofnun Íslands fornleifaskráningu á þekktum fornleifum í landi Litla-Lambhaga í Hvalfjarðarsveit fyrir hönd sveitarfélagsins. Skráningin var gerð vegna fyrirhugaðra áforma um áframhaldandi uppbyggingu íbúðarhverfis í Melahverfi.



*Mynd 1: Yfirlitsmynd af deiliskráningarsvæðinu. Á innfelldu korti er staðsetningin sýnd á Íslandskorti.
Loftmynd: Loftmyndir ehf.*

Uppbyggingin er þriðji liðurinn í byggingaráformum á svæðinu og mun nýja hverfið rísa við austurhlið þess eldra. Úttektasvæðið er deiglend og þýfð mýri sem hallar nokkuð til SSA (sjá mynd 1). Svæðið er óraskað að mestu en norðurhluti mýrarinnar hefur verið framræstur. Talsvert af birkihríslum vex á suðurhluta svæðisins. Áður en minjanar vou uppmældar hafði Minjavörður Vesturlands tekið út svæðið og því var ekki gerð krafa af

hálfu Minjastofnunnar um að svæðið yrði gengið í leit að óþekktum fornleifum, heldur aðeins að þekktar fornleifar yrðu mældar upp áður en þær hyrfu í íbúðarbyggð.

Fornleifastofnun hafði áður unnið aðalskráningu í Skilamannahreppi sem kom út árið 2003.¹ Litli-Lambhagi var ein þeirra 15 jarða sem þá voru skráðar og byggir skráning mógrafanna 2025 á grunni eldri skráningar.

Skráningin á mógröfunum var unnin af Brynju Árnadóttur, fornleifafræðingi, undir stjórn Elínar Óskar Hreiðarsdóttur. Farið var á vettvang á björtum en köldum degi í apríl og mógrafarsvæðin þrjú skráð og mæld upp. Úrvinnsla og skýrslugerð voru unnin í beinu framhaldi, af Brynju. Allar ljósmyndir í skýrslunni eru teknar af Fornleifastofnun Íslands en loftmyndir eru frá Loftmyndum ehf.

Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir niðurstöðum skráningarinnar. Uppbygging skýrslunnar er með hefðbundnum hætti. Á eftir inngangskafla kemur yfirlit um fornleifaskráningu og löggjöf um minjavernd í landinu. Í þriðja kafla er farið yfir skráningarkerfi Fornleifastofnunar Íslands. Fjórti kaflinn er sjálf minjaskráin þar sem fjallað er um mógrafirnar sem skráðar voru. Í fimmta og jafnframt síðasta kaflanum er farið yfir helstu niðurstöður úttektarinnar. Aftast í skýrslunni er heimildaskrá og viðauki með minjakorti.

¹ Adolf Friðriksson og Oddgeir Hansson, 2003.

2. Saga fornleifaskráningar og löggjöf

Hátt á aðra öld er liðið síðan skráning fornleifa hófst á Íslandi en þó er enn langt í land að til sé heildstæð skrá um fornleifar á landinu. Á síðustu áratugum 19. aldar voru margir minjastaðir kannaðir á vegum Hins íslenzka fornleifafélags, einkum staðir sem á einn eða annan hátt tengdust fornsögum og sögu þjóðveldisins. Eftir aldamótin 1900 dró úr fornleifakönnun á vegum félagsins og var þráðurinn ekki tekinn upp að nýju fyrr en um og eftir 1980.

Skoðanir manna á því hvað teljast fornleifar hafa breyst mikið á þessum tíma. Byggingar sem voru hversdagslegar fyrir hundrað árum eru nú orðnar minjar um horfna lífshætti. Skilningur hefur vaknað á nauðsyn þess að skrá upplýsingar um slíkar minjar og vernda þær fáu sem eftir eru fyrir komandi kynslóðir. Nauðsynlegra upplýsinga um gerð og ástand fornleifa er aðeins hægt að afla með vettvangsathugun og við það er venjulega átt með hugtakinu fornleifaskráning (ýmist aðal- eða deiliskráning). Til þess að vettvangsathugun komi að fullu gagni verður þó fyrst að taka saman ýmsar upplýsingar, bæði skriflegar og munnlegar, sem vísa á minjastaði og geta gefið vísbendingar um hlutverk mannvirkjaleifanna (svæðisskráning).

Á undanförnum árum hafa verið gerðar breytingar á löggjöf um verndun fornleifa og hefur eftirlit með framkvæmd laganna verið aukið. Samkvæmt 3. grein laga um menningarminjar (nr. 80, 2012), eru allar fornleifar á Íslandi friðhelgar: „Fornleifum, [...] jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað [...]“. Er þessi fornleifakönnun í anda markmiða sem sett hafa verið með þessari löggjöf. Mat á áhrifum framkvæmda á fornleifar gerir kröfur um fjölþætta athugun á heimildum og vettvangsrannsókn enda er skilgreining á fornleifum í þjóðminjalögum víðtæk. Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

- a. búsetulandslag, skrudgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,
- c. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,
- d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,
- e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,
- f. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,
- g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,
- h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,
- i. skipsflök eða hlutar þeirra.

Minjar 100 ára og eldri teljast til fornleifa, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar.

Það er skýrt af þessari skilgreiningu að fornleifar eru ekki aðeins öll mannvirki heldur einnig staðir sem á einn eða annan hátt tengjast menningu og atvinnuvegum, hvort heldur sem er vöð eða álagablettir. Þessari skilgreiningu er fylgt við hefðbundna fornleifaskráningu. Friðhelgað svæði umhverfis fornminjar skal vera 15 metrar nema annað sé ákveðið í samvinnu við Minjastofnun Íslands, og 100 m umhverfis allar friðlýstar fornleifar. Ef nauðsynlegt er talið að spilla fornleifum eða hylja þær, þarf að leita heimildar Minjastofnunar Íslands.

3. Aðferðir við fornleifaskráningu

Í skráningarkerfi Fornleifastofnunar Íslands hefur hver sýsla skammstafað heiti (ÁR, SP o.s.frv.) og hver jörð hefur þriggja stafa númer. Miðað er við jarðaskiptingu eins og hún kemur fyrir í Jarðatali Johnsens frá 1847 og byggir tölusetning jarðanna á því.

Númer jarðar í Jarðatali Johnsens

Númer fornleifar á tiltekinni jörð

Sérheiti

Tegund

Hlurverk

Hnattstaða í landshnitakerfi ISN93

Sýslutákn

SF-175:009

Sveinshlaða


tóft

hlaða

E: 528751 N: 352323



Sveinshlaða 009, horft til norðurs



Ljósmynd af minjastað og uppmæling/teikning

Á túnakorti frá 1920 og bæjarteikningu danskra mælingamanna frá 1904 er sýnt útihús í túnjaðri um 210 m norðan við eldra bæjarstæði 001 og 80 m norðvestan við yngra bæjarstæði 003. Á þeim stað er stæðileg hlöðutóft sem nefnist Sveinshlaða og samtengt eða eldra mannvirki norðvestan við hana. Sveinshlaða er 16 m suðvestan við miðlinu Skaftártúnguvegar (208) þar sem fyrirhugaðar eru framkvæmdir og telst því í stórhættu vegna vegagerðar. Tóftin er í túnjaðri fast suðvestan við Skaftártúnguveg (208). Túnið er í allmiklum halla til suðvesturs. Heildarstærð tóftarinnar er 23x14 m og snýr hún norðvestur-suðaustur. Í suðausturhluta hennar er Sveinshlaða sem er 15x13 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Hún er 5x6 m að innanmáli og snýr norðaustur-suðvestur. Hlaðan er niðurgráfin um 1 m og eru veggir hennar um 2 m á hæð innanmáls. Norðvestan við hlöðuna er annað hólfið eða annað mannvirki og er það torfhlaðið. Það er þríhyrningslaga og er 9x6 m að innanmáli, mjókkar til norðvesturs. Op virðist vera inn í það í suðurhorni. Veggir þess eru 0,3-0,4 m á hæð og 2-2,5 m á breidd en veggir hlöðunnar eru 4-5 m á breidd. Hólfin virðast vera samtengd en hlaðan er mun yngri að sjá en hólfið norðvestan við hana. Nokkur hólmyndun er undir norðvesturhluta tóftarinnar og ljóst að mannvirki hafa verið á þessum stað í langan tíma.

Hættumat: stórhætta, vegna vegagerðar

Heimildir: Túnakort 1920

Heimild sem vísað er í, nánari fersla í heimildaskrá

Hætta sem steðjar að fornleif

Mynd 2: Dæmi um framsetningu á minjastað í skýrslum Fornleifastofnunar Íslands.

Skipting jarða um miðja 19. öld ræður ekki aðeins númerum í skránni heldur er miðað við hana þegar ákvarðað er hvaða jörð ákveðnir minjastaðir tilheyra. Hverjum minjastað er gefin kennitala sem er þriggja stafa númer sem hengt er við sýslutákn og jarðarnúmer (dæmi: RA-084:001). Í skýrslunni eru aðeins birtar upplýsingar um þær minjar sem skráðar voru á vettvangi innan áhrifasvæðisins.

Í skránni fær hver minjastaður eina efnisgrein og er framsetning upplýsinganna stöðluð. Í fyrstu línu hverrar greinar eru grunnupplýsingar auðkennisnúmer, sérheiti, tegund, hlutverk og hnattstaða. Á eftir auðkennisnúmeri kemur sérheiti hennar ef eitthvert er og síðan tegund. Með tegundarflokkun er leitast við að skilgreina hvers eðlis fornleifin er, þ.e. hvort um er að ræða mannvirki af einhverju tagi sem enn sést, og þá hverskyns (t.d. tóft, garðlag eða varða), mannvirki sem vitað er um en er horfið (heimild, örnefni) eða fornleif sem ekki hefur verið mannvirki (álagablettur, sögustaður eða vað). Allir fornleifastaðir eru greindir til tegundar en hlutverk þeirra er ekki alltaf hægt að ákvarða.

Á eftir hlutverki kemur hnattstaða minjastaðarins í landshnitakerfi (ISN93) og er merkið tekið á hverjum stað hvort sem ummerki um minjar voru sýnilegar eða ekki. Uppmælingar voru gerðar á öllum sýnilegum minjastöðum með Trimble Geoexplorer 6000 mælitæki. Í skýrslunni eru aðeins birtar upplýsingar um þær minjar sem eru innan úttektarsvæðisins. Af þeim sökum er númeraröðin ekki samfelld í fornleifaskránni og staður þannig merktur með því kenninafni sem hann hefur í fornleifaskránni (dæmi: BO-090:012).

Þar sem getur um „heimild um...” t.d. útihús, þá er átt við að eingöngu eru til heimildir um staðinn, en minjar hafa ekki fundist á vettvangi við skrásetningu. Þó engar minjar hafi fundist, er engu að síður tekin hnattstaða staðarins ef unnt hefur verið að ákvarða hann á grundvelli fyrirbyggjandi upplýsinga með um 50 metra fráviki.

Í annarri línu hefst lýsing minjastaðar oftast á tilvitnun í fyrirbyggjandi heimildir en síðan er staðsetningu hans lýst. Þar á eftir kemur oft lýsing á aðstæðum og síðast lýsing á mannvirkinu sjálfu ásamt öðrum upplýsingum sem við eiga.

Í næstsíðustu línu er lagt mat á þá hættu sem minjastaðurinn kann að vera í. Hættustig eru eftirfarandi: 1) engin hætta, 2) hætta og 3) stórhætta. Minjar á eða við svæði þar sem framkvæmdir eiga sér stað, eða innan skipulagsreits þar sem framkvæmdir eru fyrirhugaðar, teljast yfirleitt í stórhættu.

Í síðustu línu er getið heimilda ef einhverjar eru, oft með skammstöfunum, en úr þeim er leyst í heimildaskrá aftast í skýrslunni.

4. Fornleifaskrá

BO-090 Litli Lambhagi

Sögulegar heimildir

Eftir 1570 er jörðunum Lambhaga og Galtarholti skipað til Leirárkirkjusóknar. DI XV, bls. 329.

1707: 15 hdr., Bændaeign. JÁM IV, bls. 119.

„[hjá Fornabæ] sjest til gamallra tóftarleifa, þar segja enn að bærinn hafi að fornu staðið, og eru munnmæli að þessi jörð sje byggð af Stóra Lambhaga á stekkarstæði þaðan. En þó er yfir 100 ár langt þessi jörð talin og kölluð lögbýli [...]“ JÁM IV, 120.

1847: 15 hdr., Bændaeign. JJ, bls. 110.

"Lambhagi er nýbýli í landi Litla-Lambhaga, stofnað 1930 á austurhluta jarðarinnar. Búskapur lagðist af í Litla-Lambhaga 1943, og um árabíl [fram um 1980] var jörðin öll nytjuð frá Lambhaga," BB II, 73.

"Skilamannahreppur keypti 40 ha úr landi Litla-Lambhaga árið 1980. Það land er austan við þjóðveginn til Akraness. Þar er nú íbúðarhúsahverfið á Hagamel," BB II, 82.

Landkostir

Túnakort 1920: Tún 77,861 m². 1/3 þýft. Garðar 1,824 m².

„Torfrista og stúnga viðsæmandi. Mótak til eldiviðar nóg. Silungsveiðivon í Urriðaa, brúkast ei, og í Lambhagavatni brúkast og lítt. Heimræði kallast hjer ekki, þó með stærstum straum megi skip að landi fleyta. Vatnsból er meinerfitt um vetur, í stöðuvatn langt til að sækja.“ JÁM IV, bls. 119-120.

BO-090:021_01 náma mógrafir

A 363287 N 434277



Mógrafir BO-090:021_01, horft til SSA.

"Mótak til eldiviðar nóg," segir í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín. "Utan við túnið er mýrarsund, sem heitir Kvíasund," segir í örnefnaskrá. Vestan við Kvíasund er lítill byggðarkjarni sem nefnist Lambhagamelar. Að sögn heimildarmanna, Þórðar og Snæbjarnar, var ágætis mótekja í Kvíasundi, eða um 4 stungur. Allgreinilegar mógrafir eru á þremur svæðum í sundinu. Mógrafir 01 eru um 670 m suðvestan bæjar 001 og um 110 m austan íbúðarhússins Hagamel 14 á Lambhagamelum. Mógrafirnar eru í votlendu, þýfðu og grösugu sundi á milli tveggja holta. Sundið hefur verið framræst að nokkru leyti og er nokkuð um birkihríslur sunnarlega í því. Mór var tekinn á svæði sem er

um 60 x 40 m að stærð og snýr í NNV-SSA. Mörk svæðisins eru ógreinileg á ANA hlið en þar er töluvert þurrara og engar sjáanlegar mógrafir. Grafirnar eru þó skýrt afmarkaðar á NNV hlið og og eru þar stærstu grafirnar, um 8 x 2 m að stærð og snúa þær bæði í ASA-VNV og í NNV-SSA. Grafirnar eru um 0,5 m djúpar og talsvert vatn í þeim þegar þær voru skoðaðar.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Heimild: Ö-Litli Lambhagi, 1.



Mógröf BO-090:021_02, horft til NNV

Mógrafir 02 er í Kvíasundi fast NNA svæðis 01. Þær eru um 650 m suðvestan bæjar 001 og um 145 m ANA íbúðarhússins Hagamel 14 á Lambhagamelum. Mógrafirnar snúa í norðaustur-suðvestur og er um 20 x 15m að stærð. Mörk svæðisins eru vel greinanleg á norðvestur og suðvesturhliðum en þar er um 0,5 m hár kantur. Aðrar hliðar eru óljósari. Greinilegasta mógröfin er suðvestast á svæðinu. Hún er um 12 x 3 m að stærð og talsvert vatn í henni en frost var yfir henni þegar hún var skoðuð í apríl og því erfitt að meta dýpt hennar.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda



Mógrafir BO-090:012_03, horft til NNV.

Mógrafir 03 er í Kvíasundi um 40 NNV svæðis 01. Það er um 660 m suðvestan bæjar 001 og um 100 m norðaustan íbúðarhússins Hagamel 14 á Lambhagamelum. Mógrafirnar eru um 95 x 40 m að stærð og snúa norður-suður. Svæðið er skorið af skurði sem liggur í NNA-SSV. Innan svæðisins eru um 15 mógrafir og eru þær misstórar. Grafirnar eru greinilega afmarkaðar austan skurðarins en þar er brún þeirra skýr og um 0,8 m niður af bakkanum og í grafirnar. Grafirnar voru fullar af vatni þegar þær voru skoðaðar.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

5. Niðurstöður

Í apríl 2025 voru skráðar og mældar upp þrjár mógrafir, í mýri við Kvíasund, austan við byggðarkjarnann Lambhagamela. Mógrafirnar voru teknar frá bænum Litla-Lambhaga og eru þær enn þokkalega greinilegar. Grafirnar voru mis djúpar og gætu spannað nokkurt tímaskeið. Á svæðunum þremur sáust frá einni til um fimmtán mógrafa. Óvíst er hvenær mótekja lagðist niður á svæðinu en fyrst er minnst á mótak á Litla-Lambhaga í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín frá 1707. Þrátt fyrir að mógröfunum hafi verið lítið raskað hefur töluvert verið þrengt að þeim. Lambhagamelar eru vestan grafanna og vegurinn Bugðumelur er sunnan þeirra. Þar að auki hefur mýrin verið framræst að hluta og liggur skurður í gegnum nyrsta mógrafarsvæðið BO-090:21_3.

Allar mógrafirnar voru metnar í stórhættu vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Við gerð hættumats var metið hvort hætta gæti steðjað að fonleifum ef ekki væri gripið til sérstakra ráðstafana. Mógrafasvæðin eru staðsett við miðju fyrirhugaða íbúðarhverfisins og verður því ekki komist hjá því að raska þeim og stendur til að þær víki í framkvæmdunum. Var uppmæling mógrafanna og skráning því mótvægisáðgerð sem Minjastofnun Íslands krafðist áður en grafirnar myndu víkja í framkvæmdum.

Í samræmi við ákvörðun Minjastofnunar Íslands var skipulagssvæðið ekki þaulgengið í leit að fornleifum. Ef áður óþekktar minjar koma í ljós, hvort sem að þær eru greinilegar á yfirborði eða finnast við jarðrask, þarf að gera Minjastofnun Íslands viðvart um fundinn. Ef það reynist óhjákvæmilegt er að rask verði á fornminjum er það Minjastofnunar að ákveða hvort, og þá með hvaða skilyrðum fornleifar mega víkja vegna framkvæmda.

6. Heimildir

Adolf Friðriksson og Oddgeir Hansson. 2003. *Fornleifar í Skilamannahreppi*. FS203-00033. Fornleifastofnun Íslands.

BB: *Byggðir Borgarfjarðar. Borgarfjarðarsýsla og Akranes*. II. bindi. 1989. [Án útgáfustaðar]: Búnaðarsamband Borgarfjarðar.

Björn Lárusson. 1967. *The old Icelandic land registers*. W.F. Salisbury þýddi. Lundur: Lund University.

DI: *Diplomatarium Islandicum eða Íslenzkt fornbréfasafn 1857-1950*. XV. bindi. [Án útgáfustaðar]: Hið íslenska bókmenntafélag.

JÁM IV: *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*. IV bindi. 1925-1927. Borgarfjarðarsýsla. Kaupmannahöfn: S.L. Möller og Hið íslenska fræðafjelag.

JJ: Johnsen, J. 1847. *Jarðatal á Íslandi*. Kaupmannahöfn: [Án útgefanda].

Lög um menningarminjar 80/12. 2021. Lagasafn. Íslensk lög, útgáfa 151a. Sótt af: <https://www.althingi.is/lagas/nuna/2012080.html>

Óprentaðar heimildir:

Ísleif-Menningarsögulegt gagnasafn Fornleifastofnunar Íslands. 2025.

Túnakort 1920: Túnakort Litla-Lambhaga. Þjóðskjalasafn Íslands.

Ö-Litli Lambhagi: Örnefnaskrá Litla-Lambhaga. 1966. Ari Gíslason skráði. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, Örnefnasafn.

Viðauki I: Minjakort

Kortið á næstu síðu er unnið ofan á loftmynd frá Loftmyndum ehf.

